

Byltur á sjúkrastofnunum

Klínískar leiðbeiningar til að fyrirbyggja byltur

Janúar 2007



Klínískar leiðbeiningar á LSH

„Klínískar leiðbeiningar eru leiðbeiningar, ekki fyrirmæli, um verklag. Þær eru unnar á kerfisbundinn hátt, til stuðnings starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og almenningi við ákvarðanatöku við tiltekna aðstæður. Þær taka mið af bestu þekkingu á hverjum tíma“ [1]. Klínískar leiðbeiningar eru þannig leið til að flýta fyrir nýtingu rannsóknarniðurstaðna í starfi og styðja við gagnreynda starfshætti.

Klínískar leiðbeiningar eru ýmist unnar af einstaka faghópum eða þverfaglegum vinnuhópum. Mikilvægt er að fulltrúar faghópa sem munu nýta einstaka klínískar leiðbeiningar í starfi komi að gerð þeirra, en komið hefur í ljós að með þeim hætti er líklegra að um þær ríki sátt og þær séu notaðar.

Nefnd um klínískar leiðbeiningar í hjúkrun

Byltur - Klínískar leiðbeiningar

Í árslok 2004 var skipaður þverfaglegur hópur til að gera klínískar leiðbeiningar, í því skyni að fyrirbyggja byltur á Landspítala - háskólasjúkrahúsi (LSH). Hópin skipuðu eftirtaldir starfsmenn LSH:

- Hlíf Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur MS, öldrunarsviði, formaður nefndarinnar
- Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur MS, kennslu- og fræðasviði, SKVP, ritstjóri leiðbeininganna
- Helga Hansdóttir, yfirlæknir á almennum öldrunarlækningadeildum og byltu- og beinverndarmóttöku, öldrunarsviði
- María Ólafson, sérmenntaður sjúkraliði í öldrunarhjúkrun, heilabilunardeild L4, öldrunarsviði
- Ella Kolbrún Kristinsdóttir, PhD, dósent í sjúkraþjálfun, byltu- og beinverndarmóttöku og endurhæfingarsviði

Síðar voru einnig skipaðar í nefndina:

- Jóhanna Marín Jónsdóttir, sjúkraþjálfari, öldrunarlækningadeild B4 og endurhæfingarsviði
- Berit G. Þórhallsdóttir, hjúkrunarfræðingur, útskriftar- og öldrunarteymi
- Íris Björk Gylfadóttir, hjúkrunarfræðingur B7, lyflækningasviði 1
- Kristín Kristjánsdóttir, iðjuþjálfari, byltu- og beinverndarmóttöku öldrunarsviðs og endurhæfingarsviði

Stuðst var við eftirfarandi erlendar klínískar leiðbeiningar:

- NICE. Falls: The assessment and prevention of falls in older people, 2004.
- RNAO. Nursing Best Practice Guidelines, Prevention of Falls and Fall Injuries in the Older Adults, 2005.
- RNAO. Nursing Best Practice Guidelines, Prevention of Falls and Fall Injuries in the Older Adults, 2002.
- The University of Iowa. Research Based Protocol, Prevention of Falls, 1997.

Einnig var stuðst við fjölda rannsókna og samantekta á þeim (sjá heimildaskrá). Ekki reyndist unnt að þýða erlendar leiðbeiningar þar sem flestar þeirra beinast að almennum aðgerðum í samfélaginu en ekki aðgerðum á sjúkrahúsum.

Efnisyfirlit

INNGANGUR5
ÁHÆTTUÞÆTTIR BYLTNA6
VINNUFERLI7
VINNUFERLI 1: SJÚKLINGUR SEM ER ELDRI EN 67 ÁRA LEGGST INN Á LSH7
VINNUFERLI 2: INNLÖGN VEGNA BYLTU8
VINNUFERLI 3: SJÚKLINGUR DETTUR9
VINNUFERLI 4: SJÚKLINGUR Í BYLTUHÆTTU ÚTSKRIFAÐUR HEIM10
KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR11
KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR HJÚKRUNAR12
KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR LÆKNINGA16
KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR SJÚKRAÞJÁLFUNAR18
KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR IÐJUPJÁLFUNAR19
VIÐHENGI19
STYRKUR VÍSBENDINGA OG SANNANA (EVIDENCE GRADING)20
MORSE BYLTUMAT21
SJÚKRAÞJÁLFUN: SJÚKLINGUR SKOÐAÐUR22
SJÚKRAÞJÁLFUN: BERG PRÓF24
SJÚKRAÞJÁLFUN: ÆFINGAR28
IÐJUPJÁLFUN: MMSE PRÓF30
HEIMILDASKRÁ32

Inngangur

Tíðni byltna á sjúkrahúsum er meðal þeirra gæðavísa sem ákvarða gæði sjúkrahúsa. Árið 2005 voru skráðar byltur á LSH alls 351.

Bylta er skilgreind sem atburður þar sem einstaklingur fellur óviljandi niður á gólf, jörð eða annan lágan flöt [2].

Markmið

Þessum klínísku leiðbeiningum er ætlað að gera heilbrigðisstarfsfólki kleift að taka ákvarðanir, sem byggðar eru á gagnreyndri þekkingu, um aðgerðir til að koma í veg fyrir byltur eldra fólks á sjúkrahúsum. Leiðbeiningarnar eru byggðar upp með notagildi í huga, þannig að hver starfsmaður geti flett upp í lista með gagnreyndum aðgerðum og valið meðferð sem hentar hverjum sjúklingi.

Markmiðið með klínískum leiðbeiningum til að fyrirbyggja byltur er að finna sjúklinga í byltuhættu á kerfisbundinn hátt, að byltum fækki og að meiðsli þeirra sem detta verði minni háttar. Til þess að ná þessum markmiðum þarf sameiginlegt átak allra sem koma að hverjum sjúklingi. Þá er átt við alla heilbrigðisstarfsmenn, sjúklingana sjálfa og aðstandendur þeirra. Einnig þurfa stjórnendur stofnana að vera meðvitaðir um sitt hlutverk. Þeir þurfa að leggja áherslu á fræðslu, hvetja til notkunar leiðbeininganna, skipuleggja skráningu á byltum og gefa starfsfólkinu svörun um árangur.

Vinnuferli

Það tók þverfaglegan hóp starfsfólks á LSH tæp tvö ár að vinna þessar leiðbeiningar, samhliða öðrum venjubundnum störfum sínum. Hópurinn hittist reglulega og alls urðu fundirnir 25. Hver faghópur bar ábyrgð á sínum þætti í klínísku leiðbeiningunum og vann í samráði við ritstjóra og samstarfsfólk. Síðan var vinnuferlið rætt í hópnum, með tilliti til klíníks notagildis og heimildanna sem byggt var á. Leiðbeiningarnar voru sendar í rýni til ýmissa fagaðila innan LSH og landlæknisembættisins. Unnið var úr athugasemdum frá þessum hópi.

Öflun heimilda

Heimildaöflun fór að mestu fram í gagnasöfnunum Ovid og PubMed. Helstu leitarorð voru: *Falls, accidental falls, prevention of falls.*

Við hverja ráðleggingu er sagt í stuttu máli frá heimildinni sem vitnað er í. Það þótti nauðsynlegt, bæði til að rökstyðja leiðbeiningarnar og til að dýpka þekkingu notenda á viðfangsefninu. Það er von nefndarinnar að þetta fyrirkomulag leiði til þess að leiðbeiningarnar verði notaðar markvisst.

Stigun heimilda

Stigun eða röðun ráðlegginga í leiðbeiningunum fylgir flokkunarkerfi SIGN og eru þær flokkaðar frá A - D eftir gæðum þeirra vísindarannsóknna sem að baki liggja. Það þýðir að þær ráðleggingar sem byggjast á mjög vel gerðum rannsóknum fá einkunnina A, síðan kemur B og C, og þær sem byggjast á veikustu rannsóknunum eða álitni sérfræðinga fá einkunnina D. Nánari upplýsingar um SIGN kerfið er að finna í viðhengi A bls. 20.

Uppbygging leiðbeininganna

Leiðbeiningarnar byrja á vinnuferlum. Þannig er ráðlagt að allir sjúklingar sem eru 67 ára og eldri séu metnir með Morse byltumatinu þegar þeir koma á spítalann. Síðan er ferli sem sýnir hvað gera skuli þegar sjúklingur leggst inn eftir að hafa dottið. Næsta ferli sýnir fyrstu viðbrögð þegar inniliggjandi sjúklingur dettur og fjórða vinnuferli ráðleggingar um hvað gera skuli þegar sjúklingur í byltuhættu útskrifast heim af LSH. Síðan koma hinar eiginlegu klínísku leiðbeiningar fyrir hvern faghóp. Hjúkrunarleiðbeiningarnar eru orðaðar með NIC skráningu í huga.

Endurskoða þarf leiðbeiningarnar árið 2010.

Áhættuþættir byltna


Innri og ytri þættir valda byltum. Með innri þáttum er átt við atriði sem varða sjúklinginn sjálfan, með ytri þáttum er átt við hættur í umhverfinu. Stundum er einum áhættuþætti bætt við, en hann tekur til þeirrar meðferðar sem sjúklingurinn fær, eins og t.d. lyf sem hann tekur.

Samkvæmt klínískum leiðbeiningum frá NICE og RNAO eru helstu áhættuþættir byltna eftirfarandi:


- Saga um fyrri byltur
- Göngulagstruflun
- Jafnvægistruflun
- Ótti við byltur
- Sjónskerðing
- Heilabilun
- Þvagleki
- Hættur í umhverfi
- Bráð veikindi
- Fjöldi lyfja
- Hjarta- og geðlyf
- Minnkaður vöðvastyrkur

Vinnuferli


Vinnuferli 1:




Vinnuferli 2:



Vinnuferli 3:



Vinnuferli 4:



Klínískar leiðbeiningar

Ráðleggingar sem byggja á mjög vel gerðum rannsóknum fá einkunnina A, síðan koma B og C, en þær sem byggja á veikustu rannsóknunum eða áliti sérfræðinga fá einkunnina D.

- A** Einstaklingum í byltuhættu á að bjóða upp á þverfaglega einstaklingshæfða meðferð til varnar byltum [2, 4].
- C** Öllum sjúklingum með sögu um endurteknar byltur og mat um byltuhættu á að bjóða fjölfaglegt mat [2, 4]. Mikilvægt er að heilbrigðisstarfsfólk meti og skrái vitræna getu og færni sjúklinga [4].
- D** Fræðsla til heilbrigðisstarfsfólks um byltur og byltuvarnir er ráðlögð [2, 4].
- D** Deildarstjórar eiga að reikna a.m.k. árlega út tíðni byltna á deildinni (patient fall rate). Það er gert til samanburðar og samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{Tíðni byltna:} \quad \frac{\text{Fjöldi byltna x 1000}}{\text{legudagar}}$$

Klínískar leiðbeiningar hjúkrunar

Byltuvarnir

Ráðleggingar sem byggja á mjög vel gerðum rannsóknum fá einkunnina A, síðan koma B, C og D.

Greining áhættupátta (6610)

B Morse byltumat lagt fyrir sjúkling (við komu á deild, ef hann dettur og við útskrift)

- Miðað er við að allir sjúklingar sem eru eldri en 67 ára verði metnir:
 - a) við innlögn á LSH,
 - b) þegar ástand þeirra breytist,
 - c) ef þeir verða fyrir því að detta.
- Morse byltumatið er í viðhengi B, bls. 21.
- Ef sjúklingar fá 45 stig eða fleiri, teljast þeir vera í byltuhættu [5]
- Morse byltumatið er einna mest rannsakaða matstækið og reyndist í rannsóknum McCollum frá 1995 (n=458) hafa 83% næmleika (sensitivity) og 68% sértækni (specificity). Innri áreiðanleiki (interrater reliability) reyndist 83 - 100% [5].
- Morse byltumatið er mikið notað á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum í Bandaríkjunum. Það tekur minna en eina mínútu að meta sjúkling með því [2, 6, 7].

Eftirlit með næringu (1100)

A Fólk sem er eldra en 70 ára taki inn 18–20 µg (700–800 ae) af D vítamíni á dag 1 msk. (10 ml) af þorskalýsi inniheldur 18,4 µg (736 ae) af D vítamíni

- Rannsóknir benda til að taka D vítamíns stuðli að bættum vöðvastyrk og jafnvægi hjá öldruðum einstaklingum með D vítamínskort. Sýnt hefur verið fram á að taka D vítamíns stuðli að fækkun á byltum meðal kvenna [8, 9].
- Brotum fækkar hjá eldra fólki ef það tekur 800 ae (20 µg) af vítamíni D3 á dag. 400 ae eru ekki nóg fyrir aldraða skv. faraldsfræðilegum rannsóknum [10]. Serum gildi D vítamíns þarf að fara yfir 45 nmól/l til að koma í veg fyrir væga áunna ofvirkni kalkkirtla (secunder hyperparathyroidisma) sem eykur hættu á beinþynningu [11].
- 1 msk. (10 ml) af þorskalýsi inniheldur 18,4 µg (736 ae) af cholecalciferoli eða vítamíni D3. 5 ml af ufsalýsi innihalda 920 ae af D vítamíni en auk þess margfaldan dagskammt af A vítamíni. Fjöl vítamín innihalda yfirleitt D vítamín á bilinu 200 - 600 ae [12].

A Konum eftir breytingaraldur er ráðlagt að taka inn 800 - 1000 mg af kalki á dag

- Manneldisráð mælir með að dagleg kalkneysla sé 800 mg eða meira. Í rannsóknum sem sýnt hafa fram á að taka kalks og D vítamíns fækki brotum, hefur heildar dagsneysla kalks verið 1000–1500 mg á dag [13].
- Í rannsókn þar sem gefin voru 700 ae af D vítamíni (cholecalciferol) og 500 mg af kalki (calcium citrate) minnkaði áhættan á byltum hjá konum um 46% og ef þær hreyfðu sig lítið, um 65% [9].
- Kalk og D vítamín fækkar brotum meðal aldraðra á stofnunum [13].

Ráðleggingar um lyf (2390)

B Lyfjum sem auka byltuhættu fækkað í samráði við sjúkling og lækni hans

- Fækkun tegunda af geðlyfjum eða minni skammtar þeirra, fækka byltum [14].
- Í klínískum leiðbeiningum frá RNAO er mælt með því að lyf séu endurskoðuð reglulega. Einnig að skoða skuli sérstaklega sjúklinga sem taka lyf sem auka byltuhættu eða taka fleiri en fimm lyf [2].
- Í klínískum leiðbeiningum frá NICE er mælt með því að aldraðir sem taka geðlyf fái endurskoðun lyfja og hætti að taka þau, ef hægt er, til að minnka hættu á byltum [4].
- Nefnd um klínískar leiðbeiningar ráðleggur að haft sé náið eftirlit með sjúklingum sem taka aukalega svefnlyf eða róandi lyf.

Meðferð vegna glapa (6460)

B Vel fylgst með óáttuðum sjúklingi

- Einn af áhættuþáttum byltna er léleg áttun einstaklinga. Það er því mikilvægt að vitræn geta sé metin, sé grunur um veikleika [15, 16].
- Mikilvægt er að fylgjast mjög vel með óáttuðum sjúklingum í byltuhættu. Þeir eiga að vera þar sem auðvelt er fyrir starfsfólk að fylgjast með þeim. Einnig er æskilegt að fjölskyldu sé gert kleift að vera hjá slíkum sjúklingum [17].

B Öryggi í umhverfinu tryggt

- Rannsóknir hafa sýnt að kerfisbundin skoðun á hættum í umhverfinu og bót á þeim sé áhrifarík leið til að fyrirbyggja byltur [18].

B Forðast höft

- Forðist líkamleg höft. Höft leiða til minni hreyfigetu einstaklinga, slappleika, lélegri blóðrásar, hægðatregðu, þvagleka, sára, minni efnaskipta, myndun legusára og margra annarra einkenna [15]. Rannsókn á hjúkrunarheimili í Bandaríkjunum sýndi engan mun á fjölda byltna eftir að höft voru aflögð, en fækkun varð á meiðslum vegna byltna, t.d. færri beinbrot [15]. Kerfisbundin samantekt sýndi að ef starfsfólk er vel upplýst er betra að sleppa höftum [19]. Þekkt er erlendis frá, að sjúklingar hafi dáið af völdum hafta (t.d. kafnað vegna belta eða banda) [20].
- Ef höft eru notuð skal farið eftir verklagsreglum um fjötra á heimasíðu öldrunarsviðs LSH: (Fjötrar / öryggisútbúnaður).

Varnir gegn dettni (6490)

D Upplýsa sjúkling og fjölskyldu hans um áhættuþætti byltna og fyrirbyggjandi aðgerðir

- Samkvæmt RNAO og NICE eru ekki óbyggjandi sannanir fyrir gagnsemi þess að upplýsa sjúkling og fjölskyldu hans um byltuhættu en sérfræðingar mæla þó með því [2, 4]. Í kerfisbundinni athugun (SR og MA) var ekki hægt að sýna fram á gagnsemi fræðslu [21].

D Ráðleggja sjúklingi að vera í stömum, bundnum skóm sem passa

- Skór eiga að vera með lágum hæl og mikilvægt er að geta fest þá vel á fæturna. Slembirannsóknir hafa ekki sýnt að ein tegund af skóm sé betri en önnur [3].

D Kenna svimagjörnum sjúklingi að standa upp á „réttan hátt“

- Sjúklingum með skert jafnvægi er leiðbeint að standa upp rólega, standa í öruggri stöðu, halda sér í og ná jafnvægi áður en gengið er af stað.
- Þeir sem hafa tilhneigingu til lágþrýstings í réttstöðu er ráðlagt að hreyfa ökkjana áður en þeir standa upp, setjast strax ef þá svimar, vera í teygjusokkum og sofa með hátt undir höfði [17].

C Forðast notkun rúmgrinda báðum megin við sjúkling

- Ef sjúklingur er talinn þurfa rúmgrindur báðum megin skal önnur vera stutt.
- Margar rannsóknir hafa sýnt að minni notkun rúmgrinda á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum fjölgi ekki byltum úr rúmi en alvarlegum áverkum vegna þeirra fækki [22-25].
- Notkun rúmgrinda og annarra hafta á sjúkrahúsum leiðir til vöðvarýrnunar hjá sjúklingum, sýkinga og þrýstingssára vegna hreyfingarleysis. Einnig leiðir notkun rúmgrinda til ósjálfstæðis og minnkaðrar sjálfsvirðingar sjúklinga og engar rannsóknir sýna fram á gagnsemi þeirra [26].
- Þekkt er erlendis frá að sjúklingar hafi kafnað milli loftdýna og rúmgrinda [27].
- Þegar rúmgrindur eru notaðar skal skrá nákvæmlega allar ástæður þess að önnur úrræði eru ekki nýtt. Dæmi um þau eru rápmottur, o.fl. [26].
- Í klínískum leiðbeiningum RNAO er mælt gegn því að rúmgrindur séu notaðar til að fyrirbyggja byltur, en tekið fram að aðrar klínískar ástæður geti haft áhrif á það að þær séu notaðar [2].
- Munið að rúmgrindur báðum megin á rúmi sjúklings eru fjötrar. Mikilvægt er að stofnun hafi skýrar verklagsreglur um notkun fjötra.

D Rápmotta eða hreyfiskynjari við rúm/stól sjúklings

- Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að rápmotta kemur ekki í veg fyrir byltur, heldur gefur hún viðvörðun um yfirvofandi fall. Ekki hafa fundist neinar sannanir fyrir gagnsemi rápmottunnar eða annarra skynjara en JCAHO (Joint Commission on Accreditation of Healthcare Organization) mælir með þeim til að fyrirbyggja byltur [28].
- Mikilvægt er að treysta ekki eingöngu á tæknina og að starfsfólk fylgist vel með sjúklingi í byltuhættu og að hann sé nálægt vakt hjúkrunarfólks [28].

D Sjúklingi hjálpað reglulega á salerni

- Mikilvægt er að hjálpa sjúklingi á salernið á fjögurra klukkustunda fresti og einnig fyrir nóttina áður en sjúklingurinn fær næturlyfin sín [17].

D Tryggja að engin byltuhætta stafi af umhverfinu

- Samkvæmt kerfisbundinni athugun (MA og SR) hefur ekki tekist að finna sterk tengsl milli umhverfisþátta og byltna [21]. Nokkur atriði er þó vert að hafa í huga:
 - að hæð rúms og stóla sé höfð þannig að fætur sjúklingsins snerti gólfíð
 - að stólar séu stöðugir með örmum
 - að næg birta sé til staðar
 - að engar hindranir séu á göngum [29]
 - að handföng séu á salernum og baðherbergjum [3].

D Rétt notkun hjálpartækja

- Mikilvægt er að sjúklingar noti hjálpartæki rétt. Ekki liggja fyrir óyggjandi sannanir sem sýna að hjálpartæki fækki byltum en notkun þeirra til að bæta færni einstaklingsins á rétt á sér [3].

D Næturljós við rúm sjúklings

- Samkvæmt klínískum leiðbeiningum frá Iowa (1997) er ráðlegt að láta næturljós loga hjá sjúklingum í byltuhættu [17].

D Tryggja að bjalla sé í lagi og sjúklingur nái í hana

- Samkvæmt klínískum leiðbeiningum frá Iowa (1997) sýndu 36 rannsóknir fram á nauðsyn þess að sjúklingar í byltuhættu hafi greiðan aðgang að bjöllum [17].

**Ekki reyndust nægar sannanir til þess að mæla með notkun skeljabuxna til fyrirbygg-
ingar beinbrota hjá sjúklingum í byltuhættu, hvorki í heimahúsum né á stofnunum
[30, 31].**

Klínískar leiðbeiningar lækninga

Byltuvarnir

Ráðleggingar sem byggjast á mjög vel gerðum rannsóknum fá einkunnina A, síðan koma B, C og D.

Mat læknis

A Mat læknis felur í sér:

- Sögu um byltur, hvar og hvernig þær hafa orðið.
- Sögu um bráð eða langvinn líkamleg veikindi.
- Mat á göngulagi, jafnvægi, hreyfigetu og vöðvastyrk.
- Taugakerfisskoðun: taugar í ganglimum, stöðu- hreyfiskyn (proprioception), reflexar, próf á cortical, extrapyramidal, cerebellar function og vitrænni getu.
- Skoðun á hjarta- og æðakerfi með púls og blóðþrýstingi, liggjandi og standandi, EKG og ef við á carotid sinus örvun.
- Lyfjayfirferð.
- Augnskoðun.
- Mat á beinþynningu.

Aðgerðir læknis

B Endurskoðun lyfja stuðlar að fækkun byltna, sérstaklega ef minnkuð er geðlyfjagnotkun meðal aldraðra sem detta

- Aldraðir sem taka fleiri en þrjú til fjögur lyf eru í aukinni byltuhættu [32].
- Lyf sem virka á miðtaugakerfi, sérstaklega geðlyf, auka hættu á byltum [32].
 - o Sterk geðlyf (Psychotropics) OR = 1,73 (95% CI, 1,52–1,97).
 - o Róandi lyf og svefnlyf OR = 1,54 (95% CI, 1,40–1,70). Upphaflega var talið að einungis langvirkandi benzodiazepin sambönd eins og diazepam (OR 3,7) yllu byltum sérstaklega en síðari rannsóknir hafa sýnt að stuttverkandi sambönd stuðla að byltum líka [32, 33]. Dæmi um þau eru midazolam (halcion) og alprazolam (paxal, tafil).
 - o Neuroleptica OR = 1,50 (95% CI, 1,25–1,79). Sennilega er ekki munur á nýrri og eldri lyfjum [34].
 - o Þunglyndislyf OR = 1,66 (95% CI, 1,40–1,95) valda byltum. Á bæði við um TCA og SSRI [32, 35].
 - o Sumar rannsóknir hafa sýnt fram á aukna byltuhættu með flogaveikilyfjum og sterkum verkjalyfjum en meta-analýsa styður það ekki [36, 37].
- Lyf sem hafa áhrif á hjarta- og æðakerfi stuðla lítillega að byltum [36].
 - o Digitalis OR = 1,22 (95% CI, 1,05–1,42)
 - o Diuretica OR = 1,08 (95% CI, 1,02–1,16)
 - o Class I antiarrhythmiulyf OR = 1,59 (95% CI, 1,02–2,48)
- Ein rannsókn sýndi að minnkun geðlyfja fækkaði byltum [38]. Í þeirri rannsókn fækkaði byltum um 66% á 44 vikna tímabili en mánuði eftir að rannsókninni lauk voru tæplega 50% sjúklinga aftur komin á sín geðlyf. Þessi rannsókn var mjög lítil, en æskilegt er að gera stærri rannsóknir í framtíðinni. Í öðrum rannsóknum þar sem sýnt er fram á fækkun byltna, hefur fækkun lyfja verið hluti af meðferð og er því óljóst hvaða þáttur meðferðarinnar skilaði árangri.

A Beiðni um sjúkrahjálfun með tilliti til jafnvægis og styrks

- Öldruðum sem koma á sjúkrahús og eru í byltuhættu ætti að standa til boða jafnvægismat og þjálfun hjá sjúkrahjálfa [4].

A Beiðni til sjúkrahjálfa og iðjubjálfa um endurhæfingu

- Eftir byltu sem valdið hefur áverka ætti að bjóða öldruðum einstaklingsmiðaða meðferð til að stuðla að sjálfstæði og bæta líkamlega færni [4].

A Beiðni um iðjubjálfun með tilliti til heimilisathugunar við útskrift

- Öldruðum sem koma á sjúkrahús eftir byltu ætti að standa til boða heimilisathugun og ráðgjöf iðjubjálfa um breytingar. Þetta ætti að vera hluti af útskriftaráætlun [4].

C Beiðni um iðjubjálfun með tilliti til vitrænnar og líkamlegrar getu

- Mælt er með því að vitræn geta sé metin sem hluti af fjölfaglegu byltumati. Einnig að skoðuð séu hjálpertæki og færni einstaklinga sem detta á stofnunum [4].

A Fólk sem er eldra en 70 ára taki inn 18–20 µg (700–800 ae) af D vítamíni á dag 1 msk. (10 ml) af þorskalýsi inniheldur 18,4 µg (736 ae) af D vítamíni

- Rannsóknir benda til að taka D vítamíns stuðli að bættum vöðvastyrk og jafnvægi hjá öldruðum einstaklingum með D vítamínskort. Sýnt hefur verið fram á að taka D vítamíns stuðli að fækkun á byltum meðal kvenna [8, 9].
- Brotum fækkar hjá eldra fólki ef það tekur 800 ae (20 µg) af vítamíni D3 á dag. 400 ae eru ekki nóg fyrir aldraða skv. faraldsfræðilegum rannsóknum [10]. Serum gildi D vítamíns þarf að fara yfir 45 nmól/l til að koma í veg fyrir væga áunna ofvirkni kalkkirtla (secunder hyperparathyroidisma) sem eykur hættu á beinþynningu [11].
- 1 msk. (10 ml) af þorskalýsi inniheldur 18,4 µg (736 ae) af cholecalciferoli eða vítamíni D3. 5 ml af ufsalýsi innihalda 920 ae af D vítamíni en auk þess margfaldan dagskammt af A vítamíni. Fjöl vítamín innihalda yfirleitt D vítamín á bilinu 200 - 600 ae [12].

A Konum eftir breytingaraldur er ráðlagt að taka inn 800 - 1000 mg af kalki á dag

- Manneldisráð mælir með að dagleg kalkneysla sé 800 mg eða meira. Í rannsóknum sem sýnt hafa fram á að taka kalks og D vítamíns fækki brotum, hefur heildar dagsneysla kalks verið 1000 - 1500 mg á dag [13].
- Í rannsókn þar sem gefin voru 700 ae af D vítamíni (cholecalciferol) og 500 mg af kalki (calcium citrate) minnkaði áhættan á byltum hjá konum um 46% og ef þær hreyfðu sig lítið, um 65% [9].
- Kalk og D vítamín fækkar brotum meðal aldraðra á stofnunum [13].

B Gamalt fólk sem dettur af óútskýrðum ástæðum og er með „cardioinhibitory carotid sinus hypersensitivity“ á að meta með tilliti til gangráðs

- Rannsókn á öldruðum (MMSE >24) sem höfðu lent í endurteknum óútskýrðum byltum, og sem svöruðu með hægatakti (bradycardiu) á carotid sinus örvun, sýndi fækkun byltna um 70% ef þeir fengu gangráð [39].
- Í annarri rannsókn á öldruðum einstaklingum (MMSE >20) sem höfðu lent í endurteknum óútskýrðum byltum, og svöruðu með hægatakti á carotid sinus örvun, sýndi gangráður engin áhrif á byltur. Rannsóknin var „placebo controlleruð með loop recorder“ [40].

Klínískar leiðbeiningar sjúkráþjálfunar

Byltuvarnir

Skoðun á sjúklingi

C Skoðun

- Eldra fólk sem segist hafa dottið eða er talið vera í byltuhættu ætti að skoða með tilliti til jafnvægis og göngulags og meta hvort hægt sé að bæta jafnvægi og hreyfingu [4].
- (Sjá viðhengi C: Sjúklingur skoðaður og mat á færni og árangri þjálfunar), bls. 22.

Sjúkráþjálfun

A Jafnvægisæfingar

- Þjálfunaráætlun skal beinast að örvun skynkerfa sem tengjast stjórnun jafnvægis [41-44] (Sjá viðhengi D: Jafnvægisæfingar og aðrar æfingar), bls. 28.
- Jafnvægisæfingar hafa reynst áhrifaríkar, bæði hjá einstaklingum á stofnunum og þeim sem búa heima [4, 18].
- Vísbendingar eru um að Tai Chi æfingar geti fyrirbyggt byltur hjá öldruðum sem eru lengur en fjóra mánuði á stofnunum [2].
- Vísbendingar eru um að 15 vikna Tai Chi hóppjálfun gagnist öldruðum sem búa í heimahúsum [14].
- Aðrar tegundir jafnvægisþjálfunar hafa lítið verið rannsakaðar.

C Aðrar æfingar

- Æfingar ásamt öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum eru ráðlagðar fyrir aldraða í byltuhættu, sem eru á stofnunum [4] (Sjá viðhengi D: Jafnvægisæfingar og aðrar æfingar), bls. 28.
- Þjálfunaráætlun skal beinast að örvun skynkerfa sem tengjast líkamsstöðu og hreyfiskyni [41-44].
- Í kerfisbundinni samantekt (MA) frá 2004 kom í ljós að líkamsæfingar geta dregið úr byltum [21].
- Í kerfisbundinni samantekt (MA) frá 2004 kom í ljós að slappleiki í vöðvum fóta er mikill áhættuþáttur fyrir byltur. Fleiri rannsóknir þarf til að hægt sé að ráðleggja styrkjandi æfingar fóta til að fyrirbyggja byltur [45].

Heimilisathugun

A Heimilisathugun

- Eftir byltu ætti öldruðum einstaklingi að standa til boða heimilisathugun og nauðsynlegar breytingar á heimilinu til að draga úr byltum. Heimilisathugun ætti að vera hluti af útskriftaráætlun og aðgerðum ætti að fylgja eftir [4].

Klínískar leiðbeiningar iðjubjálfunar

Byltuvarnir

Mat á vitrænni getu sjúklings

D MMSE

- Einn af áhættubáttum byltna er léleg áttun einstaklinga. Það er því mikilvægt að vitræn geta sé metin, sé grunur um veikleika [15, 16].
- Mælt er með að vitræn geta sé metin sem hluti af fjölfaglegu byltumati. [4].
- MMSE-prófið er verkfæri til að nota við mat á hugsanlegri heilabilun. Einkenni vegna t.d. heilablóðfalls eða æxlis svo og geðsjúkdómar af ýmsu tagi geta skert getu sjúklings til að leysa prófið af hendi. Einnig hefur aldur og skólaganga nokkur áhrif. Þar af leiðandi er ekki hægt að nota prófið til að greina heilabilun af öryggi og alls ekki til að greina orsakir heilabilunar [46].

Prófið er í viðhengi E, bls. 30.

Öryggi sjúklings tryggt

B Öryggi sjúklings tryggt á deild

- Kerfisbundin skoðun á hættum í umhverfinu og fjarlæging þeirra er áhrifarík leið til að fyrirbyggja byltur [18].
- Stöðugri stólar með örmum, næg birta og tryggt að engar hindranir séu á göngum [29].
- Tryggt að handföng séu á salernum og baðherbergjum [3].
- Tryggt að sjúklingur sé í stöðum bundnum skóm sem passa. Skór eiga að vera með lágum hæl og mikilvægt er að geta fest þá vel á fæturna. Engar rannsóknir (RCT) hafa sýnt að ein tegund af skóm sé betri en önnur [3].
- Útvegur hjálpartækja og leiðbeint í notkun þeirra.
- Mælt með að skoðuð séu hjálpartæki og færni einstaklinga sem detta á stofnunum [4].

Heimilisathugun

A Heimilisathugun

- Eftir byltu ætti öldruðum einstaklingi að standa til boða heimilisathugun og nauðsynlegar breytingar á heimilinu til að draga úr byltum. Heimilisathugun ætti að vera hluti af útskriftaráætlun og aðgerðum ætti að fylgja eftir [4].

Endurhæfing

A Endurhæfing

- Eftir byltu sem valdið hefur áverka ætti að bjóða öldruðum einstaklingsmiðaða meðferð til að stuðla að sjálfstæði og bæta líkamlega færni [4].

Viðhengi

Viðhengi A Styrkur vísbendinga og sannana (Evidence grading)

Vísbendingar voru stigaðar samkvæmt NICE / SIGN kerfinu (sjá landlaeknir.is).

Í því fá rannsóknir eftirfarandi einkunnir:

- 1++ Hágæða meta-analýsur, kerfisbundin yfirlit slembirannsóknna eða slembirannsóknir með mjög lágrri skekkjuhættu.
- 1+ Vel gerðar meta-analýsur, kerfisbundin yfirlit slembirannsóknna eða slembirannsóknir með lágrri skekkjuhættu.
- 1- Meta-analýsur, kerfisbundin yfirlit slembirannsóknna eða slembirannsóknir með mikilli skekkjuhættu.
- 2++ Hágæða kerfisbundin yfirlit sjúkratilfella-viðmiðunar rannsóknna (case-control studies) eða ferilrannsóknna (cohort studies) eða hágæða tilfella-viðmiðunar rannsóknir (case-control studies) eða ferilrannsóknir (cohort studies) með mjög lítilli hættu á (confounding) skekkju (bias) eða tilviljun (chance) og mikil líkindi á orsakatengingu (high probability that the relationship is casual).
- 2+ Vel gerðar sjúkratilfella-viðmiðunarrannsóknir eða ferilrannsóknir með lítilli hættu á röskun, skekkju eða tilviljun og hæfileg líkindi á orsakatengingu.
- 2- Sjúkratilfella-viðmiðunarrannsóknir eða fylgnirannsóknir með mikilli hættu á röskun, skekkju eða tilviljun og töluverða hættu á að orsakatengsl séu til staðar.
- 3 Sjúkratilfellaskýrslur (case reports, case studies) og aðrar rannsóknir sem eru "non-analytic".
- 4 Sérfræðiálit.

Síðan er lagt mat á styrk vísbendinga:

- A A.m.k. ein meta-analýsa, kerfisbundið yfirlit eða slembirannsókn með flokkunina 1++ sem unnt er að yfirfæra beint á markhópinn eða kerfisbundið yfirlit slembirannsóknna eða safn sannana sem aðallega er sett saman úr rannsóknnum sem flokkast 1+ sem er unnt að yfirfæra beint á markhópinn og sýnir samkvæmar niðurstöður.
- B Safn sannana sem inniheldur rannsóknir sem flokkast 2++ , er unnt að yfirfæra beint á markhópinn og sýnir samkvæmar niðurstöður eða framreiknaðar/áætlaðar sannanir frá rannsóknnum sem flokkast 1++ eða 1+.
- C Safn sannana sem inniheldur rannsóknir sem flokkast 2+, er unnt að yfirfæra beint á markhópinn og sýnir samkvæmar niðurstöður eða framreiknaðar/áætlaðar sannanir frá rannsóknnum sem flokkast 2++.
- D Sannanir úr flokki 3 eða 4 eða framreiknaðar/áætlaðar sannanir frá rannsóknnum sem flokkast 2+.

Tekið af vef Landlæknisembættisins: landlaeknir.is

Viðhengi B Morse byltumat

BYLTUMAT MORSE			STIG
1.	Sjúklingur hefur áður hlotið byltu	Nei 0	
		Já 25	
2.	Sjúklingur hefur fleiri en eina sjúkdómsgreiningu	Nei 0	
		Já 15	
3.	Sjúklingur þarf aðstoð við gang		
	engin aðstoð / er rúmliggjandi / aðstoðarmaður	Já 0	
	hækja / stafur / göngu grind	Já 15	
	heldur sér í húsgögn	Já 30	
4.	Sjúklingur fær vökva í æð / er með æðalegg	Nei 0	
		Já 20	
5.	Göngulag sjúklings er		
	eðlilegt / rúmlega / hjólastóll	Já 0	
	óstöðugt	Já 10	
	verulega óstöðugt	Já 20	
6.	Andlegt ástand sjúklings		
	meðvitaður um eigin getu	Já 0	
	ofmetur eigin getu / gleymir eigin takmörkunum	Já 15	
Samtals stig			

Á LSH er miðað við að sjúklingar sem fá 45 stig eða meira séu í byltuhættu.

Skýringar með mælitækinu.

- Ef sjúklingur hefur dottið í þessari legu eða stuttu fyrir innlögn fær hann 25 stig.
- Ef sjúklingur er t.d. með sykursýki og háþrýsting telst hann vera með fleiri en eina sjúkdómsgreiningu.
- Ef sjúklingur er í hjólastól skal hann metinn samkvæmt hreyfigetu við að komast úr og í stólinn.
- Ef sjúklingur er með æðalegg fær hann 20 stig.
- Eðlilegt göngulag: Sjúklingur gengur með höfuðið hátt og sveiflar höndum frjáslega.
 - Óstöðugt göngulag: Sjúklingur gengur álútur en getur borið höfuðið hátt. Hann grípur e.t.v. létt í húsgögn en það er meira til öryggis. Skrefin eru stutt og sjúklingur dregur fæturna með gólfi.
 - Verulega óstöðugt göngulag: Sjúklingur getur átt erfitt með að standa upp úr stól, hann er álútur vegna jafnvægisleysis og grípur í húsgögn, hjálpartæki eða aðstoðarmann. Skrefin eru stutt og hann getur ekki gengið án hjálpar.
- Andlegt ástand er metið með því að spyrja sjúklinginn t.d. hvort hann telji sig geta farið einn á salerni og ef hann metur ástand sitt á raunhæfan hátt fær hann ekkert stig.

Þýtt og staðfært með leyfi J.M. Morse, samkvæmt MAPI aðferðarfræðinni. Eýgló Ingadóttir og fleiri, SKVP, Landspítala - háskólasjúkrahúsi

Viðhengi C Sjúkraþjálfun: Sjúklingur skoðaður

Sjúklingur skoðaður

Titringsskyn: Til að meta stöðuskyn í fótum.

- Einstaklingur sem ekki finnur titring á grunni fyrsta framristarbeins hefur minnkað skyn í fótum og getur átt erfitt með að átta sig á þungadreifingu á il og skynja stöðu og hreyfingar líkamans [41, 47].
- Titringsskyn er metið með tónkvísl, 128Hz. Haldið er um stofninn og gaflinum slegið við lófa eða læri og látinn titra. Stofninn er þá settur á bein sem liggur grunnt og skjólstaðingur beðinn að segja hvað hann finnur.
- Titringur finnst á:
 - grunni fyrsta framristarbeins (basis ossis metatarsalis 1) er gefin talan 1
 - miðlægum eða hliðlægum ökkla (malleolus medialis eða lateralis) er gefin talan 2
 - sköflungshnjósk (tuberositas tibiae) er gefin talan 3.
- Ef titringur finnst ógreinilega á t.d. fyrsta framristarbeiini, en greinilega á miðlægum ökkla er gefin talan 1.5, eða 2.5 finnst ógreinilegur titringur á miðlægum ökkla. Ef ekki finnst titringur á neinum ofangreindum stöðum er gefin talan 3+.
- Ef einstaklingur á erfitt með að átta sig á hvað hann á að finna má setja tónkvísl á ölnarhöfuð (caput ulna), höfuð fyrsta miðhandarbeins (caput ossis metacarpalis 1) eða viðbein til að skynja titring[48].

Stöðustjórnun: Til að meta stöðustjórnun í standandi stöðu.

- Öryggi: standandi með opin augu.
- Öryggi: standandi með lokuð augu.
- Öryggi: standandi með lokuð augu samhliða hreyfingum á höfði.
- Ef einstaklingurinn á erfitt með að halda stöðugleika með augun lokuð gefur það vísbendingu um minnkað stöðuskyn. Óstöðugleiki samfara höfuðhreyfingum með lokuð augu bendir til vanstarfsemi í jafnvægiskerfi innra eyra.

Ganga á staðnum (stepping test): Til að athuga starfsemi í jafnvægiskerfi innra eyra.

- Ef sjúklingur snýr sér við framkvæmd prófsins bendir það til vanstarfsemi í jafnvægiskerfi innra eyra. Tilhneiging til að detta aftur á bak getur bent til jafnvægistruflunar af miðlægum toga [49].
- Staðið er berfættur á krossi sem er merktur á gólfið. Augum er lokað og gengið á staðnum með hnélyftum í 30 sekúndur. Skráður er snúningur og/eða frávik frá upphafsstöðu. Einnig er skráð tilhneiging til að detta og í hvaða átt [48].

Standa upp og setjast: Til að meta styrk í fótum.

- Rannsóknir hafa sýnt að samband er milli hraða við að framkvæma prófið og byltuhættu sjúklings [50].
- Meðaltími prófsins hjá 60 - 69 ára er 14,2 sekúndur, hjá 70 - 79 ára er meðaltíminn 15,3 sekúndur og hjá 80 ára og eldri er meðaltíminn 15 - 16 sekúndur [51].
- Setið er á stól með því sem næst 90° beygju í mjöðmum og hnjám. Handleggir eru krosslagðir fyrir framan brjóst. Staðið er upp og sest niður fimm sinnum. Benda skal á að ekki megi láta sig detta niður á stólinn heldur skuli hreyfingunni vera stjórnað. Tími er tekinn frá skipuninni „Byrja“ og þar til hann hefur sest niður í fimmta sinn. Ef nauðsynlegt er að nota handleggi til að standa upp er það skráð [48].

Fallviðbrögð: Til að meta fallviðbrögð og hvernig einstaklingurinn bregst við ef stöðugleika hans er ógnað.

- Sjúklingnum er ýtt fram, aftur og til hliðar, t.d. á bringubein, mjaðmir eða axlir. Fylgst er með viðbrögðum í bol og útlimum.
- Einstaklingur sem ekki hefur næg fallviðbrögð er í byltuhættu.

Mat á færni og árangri þjálfunar

EMS (Elderly Mobility Scale) Til að meta grunnhreyfifærni

- EMS matið er fljótgert og hentar vel sem fyrsta mat sjúkraþjálfara á bráðadeildum. Skalinn hefur verið notaður til reynslu á B4 á LSH. Félag sjúkraþjálfara í öldrunarþjónustu mun á næstunni þýða EMS skalann og fer hann þá í gæðahandbók LSH.
